

Minnisblað

Viðtakandi: Atvinnuveganefnd Alþingis
Sendandi: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Dagsetning: 21.5.2021.
Málsnúmer: ANR20070342
Bréflykill: 04.01.03

Efni: Tillögur að breytingum á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun (Ferðatryggingasjóður).

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur yfirfarið umsagnir sem borist hafa atvinnuveganefnd um frumvarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018, sem felur í sér stofnun Ferðatryggingasjóðs. Ráðuneytið leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem leiða annars vegar af umsögnum og hins vegar af því mati ráðuneytisins að rétt sé að hnika til dagsetningum á stofnun sjóðsins svo stjórnvöldum og fyrirtækjum gefist aukið ráðrúm til undirbúnings.

Umsögn Ríkisendurskoðunar.

Í umsögn Ríkisendurskoðunar kemur fram að hlutverk stofnunarinnar skv. 3. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, sé að hafa eftirlit með fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja. Þar sem af efni frumvarpsins sé ekki unnt að ráða annað en að Ferðatryggingasjóður falli ekki undir hugtakið ríkisaðili eins og það er skilgreint í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, falli það utan starfssviðs ríkisendurskoðanda að endurskoða reikninga Ferðatryggingasjóðs.

Ráðuneytið tekur undir umsögn ríkisendurskoðanda og leggur til að 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins falli brott. Um endurskoðun reikninga Ferðatryggingasjóðs fer samkvæmt almennum reglum. Jafnframt leggur ráðuneytið til að það verði eitt hlutverka stjórnar sjóðsins að láta endurskoða reikninga hans.

4. mgr. 1. gr. frumvarpsins falli brott.
4. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Stjórn Ferðatryggingasjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast gerð ársreiknings og skal árlega skila ráðherra skýrslu þar sem gerð er grein fyrir störfum og stöðu sjóðsins.

Umsögn ríkisskattstjóra.

Í umsögn ríkisskattstjóra kemur fram að frá árinu 2016 hafi ferðaþjónusta verið virðisaukaskattskyld og að eðlilegt sé því að lög um virðisaukaskatt séu einnig tiltekin í þeirri grein frumvarpsins sem kveður á um þau skilyrði sem stjórnarmenn í Ferðatryggingasjóði þurfi að uppfylla.

Ráðuneytið tekur undir ábendingu ríkisskattstjóra og leggur til breytingu til samræmis.

- Við 6. másl. 1. mgr. 2. gr. bætist: lög um virðisaukaskatt.

Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar.

Í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar er lagt til að ferðaskrifstofum sem hófu rekstur árið 2019 eða fyrr verði heimilt að greiða stofnfé til sjóðsins í fjórum jöfnum greiðslum fyrsta árið.

Að mati ráðuneytisins þarf að hafa í huga að frumvarpið felur ekki í sér millibilsástand þar sem eldra tryggingakerfi og hið nýja sem tekur við muni gilda samhliða um nokkurn tíma. Verði heimilt að greiða stofnfé til sjóðsins í fjórum jöfnum greiðslum verður sjóðurinn ekki fullfjármagnaður, og mun ekki ná lögbundinni lágmarkseign, fyrr en allar greiðslurnar hafa verið greiddar. Á þeim tíma mun því ekki

verða mögulegt að lækka tryggingafjárhæðir ferðaskrifstofa í samræmi við nýja reiknireglu því sjóðurinn mun ekki vera í stakk búinn til að veita þá tryggingavernd sem nauðsynleg er fyrr en hann telst fullfjármagnaður. Að fjölga greiðslum og þannig fresta stofnun sjóðsins með þessum hætti fæli því í sér að lengri tími muni líða frá fyrstu greiðslu ferðaskrifstofa og þar til þær munu njóta góðs af því hagræði sem mun felast í rekstri sjóðsins. Að þessu virtu telur ráðuneytið að tillaga SAF um breytingu á stofngreiðslum sé ekki til bóta fyrir frumvarpið.

Ráðuneytið fellst hins vegar á að greiðsla stofngjaldsins þann 1. júlí nk. getur orðið erfið í framkvæmd fyrir ferðaskrifstofur þó svo að undanfarið hafi rofað mjög snögglega til í ferðaþjónustu og horfur framundan mun betri en verið hefur frá því kórónuveirufaraldurinn hófst. Til að mæta að hluta til þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsógn SAF, og til að veita ferðaskrifstofum aukið svigrúm til að fjármagna stofngreiðslur til sjóðsins og aðlaga sig að nýju tryggingakerfi, leggur ráðuneytið til að gjalddaga stofngjaldsins verði breytt þannig að hann verði þann 1. september nk. í stað 1. júlí. Af þeirri breytingu leiða einnig breytingar á dagsetningu umsókna um aðild að sjóðnum í ákvæði til bráðabirgða og breyting á dagsetningu fyrsta gjalddaga iðgjalds til sjóðsins. Ráðuneytið leggur þannig til að ferðaskrifstofur skuli sækja um aðild að sjóðnum eigi síðar en 1. ágúst nk. Verði sú tillaga samþykkt mun Ferðamálastofa einnig framlengja frest ferðaskrifstofa til árlegra skila á rekstrargögnum til 1. ágúst og árleg skil og umsóknir um aðild að sjóðnum munu því fara fram samhliða sem er til hagræðis fyrir ferðaskrifstofur. Gjalddagi stofngjalds verði 1. september og gjalddagi fyrsta iðgjalds, sbr. 12. gr. frumvarpsins, verði 1. desember. Þessu tengdu leggur ráðuneytið einnig til að við ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu bætist málsgrein sem kveði á um að ákvarðanir um tryggingafjárhæðir sem eru í gildi við samþykkt frumvarpsins haldi gildi sínu þar til nýjar ákvarðanir um tryggingafjárhæðir hafa verið teknar.

Samandregið eru tillögur ráðuneytisins varðandi stofnsetningu sjóðsins eftirfarandi:

1. Í stað „1. október“ í 12. gr. frv. komi: 1. desember.
2. Í stað „1. júlí“ í 1. mgr. ákv. til brb. komi: 1. ágúst.
3. 1. másl. 2. mgr. ákv. til brb. orðast svo:

Seljendur sem sækja um aðild að Ferðatryggingasjóði skv. 1. mgr. skulu greiða sem nemur 1,5% af reiknaðri tryggingafjárhæð hlutadeigandi seljanda miðað við veltu af sölu pakkaferða árið 2019 í stofngjald til sjóðsins eigi síðar en 1. september 2021.

4. Ákvarðanir um tryggingafjárhæðir fyrir árið 2020 skulu halda gildi sínu þar til nýjar ákvarðanir hafa verið teknar á grundvelli laga þessara.

Viðbótarbreytingar.

Við lokavinnslu frumvarpsins féll út breyting á 1. mgr. 14. gr. laga um Ferðamálastofu sem leiðir af breytingu á skilyrðum fyrir endurgreiðslu til ferðamanna þar sem hætt verður að notast við hugtakið rekstrarstöðvun og miðað þess í stað við hugtakið ógjaldfærni. Ráðuneytið leggur því til eftirfarandi breytingu sem bætist við 14. gr. frumvarpsins:

1. Orðin „rekstrarstöðvunar eða“ í 1. másl. 1. mgr. 14. gr. laga um Ferðamálastofu, nr. 96/2018, falli brott.

Í ljósi þess að fjöldi ferðaskrifstofa mun sækja um aðild að Ferðatryggingasjóði á árinu leggur ráðuneytið til að í lögum um Ferðamálastofu komi fram að leyfisumsóknir skuli vera rafrænar en að öðru leyti á því formi sem Ferðamálastofa ákveður. Stefna stjórnvalda er að auka stafræna þjónustu við almenning og fyrirtæki og felur það í sér aukið gagnsæi og réttaröryggi að samskipti almennings og fyrirtækja við stjórnvöld séu á rafrænu formi og úrvinnsla mála verður einfaldari í framkvæmd. Ráðuneytið leggur því til eftirfarandi viðbót við 3. gr. frumvarpsins og við 8. gr. laga um Ferðamálastofu:

1. Á eftir 4. másl. 1. mgr. 3. gr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Umsókn um aðild að sjóðnum skal vera rafræn en að öðru leyti á því formi sem stjórn Ferðatryggingasjóðs ákveður.
2. Við 1. mgr. 8. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Umsókn skal vera rafræn en að öðru leyti á því formi sem Ferðamálastofa ákveður.

Nefndasvið alþingis
Atvinnuveganefnd
nefnasvid@althingi.is

Akureyri, 1. maí 2021
Tilvísun: M21040268 / 00.08.00 Almennt

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til breytinga á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018. Þingskjal 1275 - 752. mál.

Vísað er í erindi nefndasviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 28. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um frumvarp til breytinga á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 um stofnun ferðatryggingasjóðs.

Meginefnefni frumvarpsins felur í sér breytingar á tryggingarfyrirkomulagi trygginga ferðaskrifstofa vegna sölu pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar með stofnun ferðatryggingasjóðs.

Umsögn Ferðamálastofu

Ferðamálastofa fagnar því að fram sé komið frumvarp sem ætlað er að breyta tryggingarfyrirkomulagi seljenda pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar með stofnun ferðatryggingasjóðs. Ferðamálastofa hefur lagt áherslu á að sjóðsfyrirkomulag sé mun hentugra fyrirkomulag en núverandi kerfi hefur áður staðið að tillögum þar að lútandi.

Tryggingarkerfið vegna sölu pakkaferða hefur verið við lýði í mörg ár og er það byggt á tilskipun ESB. Með þeim breytingum sem orðið hafa á tilskipuninni hefur áherslan á neytendavernd aukist og samhliða hafa auknar skyldur verið lagðar á seljendur pakkaferða.

Gagnrýn á núverandi tryggingakerfi

Núverandi tryggingakerfi hefur lengi sætt gagnrýni af hálfu ferðaskrifstofa. Kerfið kallar á mikla fjárbindingu af hálfu ferðaskrifstofanna, það hefur þótt of dýrt og íþyngjandi þar sem aðgengi að ábyrgðum hefur þótt flókið og kostnaðarsamt. Flestar ferðaskrifstofur leggja fram tryggingar í formi bankaábyrgða og skv. upplýsingum Ferðamálastofu þurfa margar að leggja fram tryggingu fyrir bankaábyrgð í formi veðs eða innstæðna á lokuðum bankareikningi. Þá hefur kerfið þótt ósanngjarnt gagnvart litlum fyrirtækjum og árstíðarbundinni starfsemi.



Þörf fyrir breytingar

Í tryggingum ferðaskrifstofa felst neytendavernd sem ætlað er að tryggja endurgreiðslu greiðslna sem ferðamenn hafa greitt fyrir pakkaferð eða samtengda ferðatilhögun eða heimflutning úr pakkaferða, komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar. Tryggingarfjárhæðir eru reiknaðar út frá veltu af sölu pakkaferða skv. framlögðum gögnum ferðaskrifstofa. Núverandi tryggingarkerfi hefur ekki getað tryggt með vissu fulla neytendavernd, þ.e. að ferðamenn fái fulla endurgreiðslu því ef útreiknuð tryggingarfjárhæð dugar ekki fyrir kröfum er um hlutfallslega endurgreiðslu að ræða.

Heimsfaraldur COVID-19 hefur sýnt fram á að þörf er fyrir breytingu á núverandi tryggingarkerfi. Allar líkur eru á, hefðu ferðaskrifstofur hætt starfsemi/orðið gjaldþrota, að tryggingar ferðaskrifstofa hefðu ekki dugað fyrir endurgreiðslum þar sem núverandi tryggingarfyrirkomulag gerir ekki ráð fyrir algjöru tekjuhruni heillar atvinnugreinar. Núverandi tryggingarfyrirkomulag gerir ráð fyrir að á hverjum tíma eigi trygging að duga fyrir þeim greiðslum sem tekið hefur verið við af ferðamönnum vegna ferða sem ekki er lokið. Tryggingarútreikningurinn gerir ekki ráð fyrir tekjuleysi mánuð eftir mánuð. Þegar þannig háttar til nær tryggingin ekki þeirri virkni sem henni er ætluð.

Með samtryggingarsjóði er tryggt að allir neytendur sitja við sama borð og fá fulla endurgreiðslu. Einnig er sjóðnum ætlað að létta undir starfsemi ferðaskrifstofa sem hafa þurft að binda fé sem annars hefði getað nýst í rekstri og til þróunar og vaxtar í starfsemi.

Ávinningur af sjóðsfyrirkomulagi

Nýju tryggingakerfi er ætlað að bæta hag neytenda og ferðaskrifstofa. Með stofnun ferðatryggingasjóðs vegna pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar mun neytendaverndin eflast og endurgreiðslur vegna kaupa á pakkaferðum eða samtengdri ferðatilhögun verða að fullu tryggðar ásamt því að málsmeðferðartími krafna styttest til muna. Einnig má telja að sjóðsfyrirkomulagið geti aukið traust neytenda á starfsemi ferðaskrifstofa.

Stofnun tryggingasjóðs mun einnig hafa áhrif á starfsemi ferðaskrifstofa þar sem gert er ráð fyrir að sjóðsfyrirkomulagið muni lækka kostnað ferðaskrifstofa og tryggingarfjárhæðir, sem hver og ein ferðaskrifstofa leggur fram, munu lækka verulega. Það þýðir minni fjárbinding ferðaskrifstofa í tryggingum, lausafé eykst og tækifæri til vaxtar og þróunar skapast.

Tryggingarsjóðurinn mun einnig hafa áhrif á starfsemi Ferðamálastofu. Tryggingarkerfið verður mun einfaldara í sniðum og gefur kost á aukinni sjálfvirknivæðingu við útreikning trygginga, iðgjalds og stofngjalds. Sjóðsfyrirkomulagið mun leiða til að málsmeðferðartími krafna styttest verulega þar sem hægt verður að taka kröfur til meðferðar og afgreiðslu um leið og þær berast. Ekki verður þörf á því að bíða með vinnslu krafna þar til kröfulýsingarfresti lýkur eins og núverandi fyrirkomulag krefst.

Niðurlag

Ferðamálastofa gerir engar efnislegar athugasemdir við efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt. Ráðuneytið hafði samráð við Ferðamálastofu á vinnslutíma frumvarpsins.



Ferðamálastofa hefur veigamiklu hlutverki að gegna skv. frumvarpinu og eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að koma á fund atvinnuveganefndar til að fylgja eftir umsögn sinni og svara þeim spurningum sem kunna að vakna en stofnunin undirbýr nú nauðsynlegar breytingar skv. frumvarpinu. Ein af þeim breytingum sem unnið er að er aukin sjálfvirkni við útreikning tryggingafjárhæða og iðgjalda einföldun utanumhalds upplýsinga.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu

Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslusviðs

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 14. maí 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, 752. mál.

Neytendasamtökin fagna þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á tryggingarkerfi fyrir pakkaferðir og telja þær til hagsbóta bæði fyrir neytendur sem og ferðaskrifstofur. Líkt og kveðið er á um í greinargerð með frumvarpinu felur núverandi tryggingarkerfi það í sér að hver og ein ferðaskrifstofa þarf að leggja fram tryggingu sem getur falið í sér umtalsverðan kostnað fyrir fyrirtækin, án þess þó að unnt sé að tryggja með fullnægjandi hætti fullar endurgreiðslur til neytenda líkt og nýleg dæmi hafa sýnt. Með stofnun Ferðatryggingasjóðs sem öllum seljendum pakkaferða er skylt að vera aðilar að, er mun betur tryggt að neytendur geti sótt kröfur sínar um fullar endurgreiðslur með árangursríkum hætti. Auk þess er stefnt að því með breytingunum að ferðaskrifstofum geti dregið úr kostnaði við að uppfylla tryggingarskyldu sína.

Neytendasamtökin eru því með vísan í framangreint mjög hlynnt því að frumvarpið nái fram að ganga og lýsa yfir vilja til að koma skoðunum sínum betur á framfæri á síðari stigum máls sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna

Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll

101 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun
(Ferðatryggingasjóður) – 752. mál.**

Ríkisendurskoðun hefur þann 28. apríl 2021 móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Ferðatryggingasjóður verði stofnaður og að sjóðurinn verði sjálfseignarstofnun. Sérstaklega er tekið fram að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Ennfremur kemur fram að Ríkisendurskoðun skuli endurskoða reikninga Ferðatryggingasjóðs.

Af frumvarpinu er ekki unnt að ráða annað en að Ferðatryggingasjóður falli ekki undir hugtakið ríkisaðili eins og það er skilgreint í 13. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Af þessu tilefni vill Ríkisendurskoðun vekja athygli á því sem fram kemur í 3. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga þar sem hlutverk ríkisendurskoðanda er að hafa eftirlit með fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja. Það fellur því utan við starfssvið ríkisendurskoðanda að endurskoða sjálfseignarstofnanir sem njóta hvorki ríkisábyrgðar né eru reknar á ábyrgð ríkissjóðs.

Í ljósi framan ritaðs er það álit Ríkisendurskoðunar að endurskoðun ársreikninga fyrirhugaðs Ferðaábyrgðasjóðs eigi að vera með sambærilegum hætti og endurskoðun ársreikninga Íslandsstofu, þ.e. að endurskoðunin falli ekki undir verksvið Ríkisendurskoðunar, þar sem hlutaðeigandi aðili er ekki ríkisaðili.

Virðingarfyllst,

Skúli Eggert Þórðarson

Guðrún Jenný Jónsdóttir

Undirritunarsíða

Skúli Eggert Þórðarson



Undirritað af:
Skúli Eggert Þórðarson
1702532649
Dags: 11.05.2021
Tími: 17:39:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 1a2ee72d-
f283-4bed-a193-
e7e2e3bbd9ff

Guðrún Jenný Jónsdóttir



Undirritað af:
Guðrún Jenný
Jónsdóttir
1303704979
Dags: 11.05.2021
Tími: 18:00:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 1a2ee72d-
f283-4bed-a193-
e7e2e3bbd9ff



Reykjavík 12. maí 2021

Efni: Umsögn um að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (Ferðatryggingasjóður).

Hinn 28. apríl sl. barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um frumvarp um breytingu á lögum pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun (Ferðatryggingasjóður). Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót nýju tryggingakerfi fyrir pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun í stað þess tryggingakerfis sem rekið hefur verið að mestu óbreytt um áratugaskeið. Hið nýja fyrirkomulag felur í sér stofnun sameiginlegs tryggingasjóðs sem tryggi endurgreiðslur til ferðamanna við ógjaldfærni eða gjaldþrot seljenda pakkaferða og samtengdra ferðatilhaganna.

Samtök ferðaþjónustu – SAF hafa farið yfir frumvarpið á vettvangi sínum og vilja koma að eftirfarandi athugasemdum.

Nýtt kerfi til einföldunar fyrir bæði neytendur og ferðaskrifstofur

Í frumvarpinu er góð yfirferð yfir sögu laga á þessu sviði. Góð lýsing á núverandi kerfi og hvernig hið nýja kerfi verður háttað. Þar kemur m.a. fram að við samningu frumvarpsins var meðal annars horft til danska og norska tryggingasjóðsins. Frumvarpinu er ætlað að bæta hag neytenda og ferðaskrifstofa. Með hinu nýja tryggingakerfi á að bæta neytendavernd og gera ferðaskrifstofum kost á setja fjármuni frekar í rekstur en að binda háar fjárhæðir í tryggingafé eins og núverandi kerfi gerir ráð fyrir. SAF hafa á sl. árum bent á að núverandi kerfi sé afar dýrt í framkvæmd fyrir ferðaskrifstofur og hafa stjórnvöld tekið undir það.

Frumvarpinu er ætlað að svara þeirri gagnrýni og gera það vel. Í frumvarpinu er vel lýst hvernig núverandi kerfi geti verið kostnaðarsamt fyrir ferðaskrifstofur. Stærsti kostnaðarliður ferðaskrifstofu í dag getur falist í miklum fórnarkostnaði fjármagns en með breytingunni þá á að koma á fót hagstæðara og skilvirkara tryggingakerfi og lágmarka þá ókosti sem almennt fylgja tryggingaskyldu vegna pakkaferða. Með samtryggingakerfi, eins og mælt er fyrir í frumvarpinu, í formi tryggingasjóðs lækkar fjárbinding ferðaskrifstofa í formi veðs fyrir bankaábyrgðum vegna trygginga umtalsvert sem mun bæta rekstrarskilyrði þeirra fyrirtækja. Frumvarpið tryggir einnig að markmið tilskipunar 2015/2302/ESB séu innleidd í íslenskan rétt með fullnægjandi hætti þó svo að lagt sé til að tryggingakerfinu verði breytt. Þannig verður neytendaverndin engu minni hér á landi en í öðrum ríkjum Evrópu.

Ljóst er að á næstu misserum verður fjárhagsstaða ferðaskrifstofa þröng á meðan þær eru að rísa upp eftir tekjufallið sem Kórónuveirufaraldurinn hefur ollið. **Því leggja samtökin leggja til að við bráðbirgðaákvæði frumvarpsins verði bætt við ákvæði sem heimili ferðaskrifstofum sem hófu rekstur árið 2019 eða fyrr að greiða stofnfé til sjóðsins í fjórum jöfnum greiðslum fyrsta árið.**

Eftirlit með óskráðri starfsemi

Breytingin sem drögin að frumvarpinu og reglugerðinni mæla fyrir um er jákvæð fyrir starfsemi ferðaskrifstofa hér á landi. Lagaumhverfið og framkvæmdin mun því batna til muna með hinu nýja kerfi. Eftirlitið með ferðaskrifstofum er af hinu góða ef það er sanngjarnt og skilvirkt. Það er mikilvægt að fylgjast með starfsemi fyrirtækja í þessari þjónustu sem og annarri ef eftirlitið er sanngjarnt og skilvirkt.

Það er engum til góða að starfandi sé óskráð starfsemi sem starfar með ólögætum hætti. Það hagnast enginn á því, hvorki neytendur né hin skráða starfsemi sem fylgir settum reglum. Eftirlitið verður einnig að vera með þeim hætti að hægt sé að beita umsvifalausum viðurlögum sem eru ótvíræð. Í þessari starfsemi þarf öflugt eftirlit með ólöglegri og óskráðri starfsemi og því skora samtökin á stjórnvöld að efla eftirlitið og grípa til aðgerða þegar þess er þörf.

Ferðafélög og samkeppni

Í 4. gr. frumvarpsdraganna kemur fram, eins og í 24. gr. núgildandi laga, að seljendur eru leyfisskyldir. Hins vegar kemur fram í 7. mgr. 7. gr. laga um Ferðamálastofu nr. 96/2018 að Ferðamálastofa ákveður hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laganna að því er lýtur að ferðum innan lands. Að því sögðu getur Ferðamálastofa ákveðið hvaða íslensk ferðafélög séu undanþegin því að hafa ferðatryggingu. SAF skora á stjórnvöld að afnema ákvæði 7. mgr. 7. gr. enda er engin ástæða til að skekkja samkeppnisumhverfi þeirra sem gera útá það að selja pakkaferðir til allra.

Íslensk ferðafélög selja þjónustu sína í samkeppni við íslenskar ferðaskrifstofur en þurfa þó ekki að vera leyfisskyld. Ferðafélög selja ferðir til almennings og er því að hluta, að minnsta kosti, í beinni samkeppni við ferðaskrifstofur sem þurfa að setja fjármuni til tryggingar. Ferðir ferðafélaga eru því vissulega í atvinnuskyni þó hluti fjármuna þeirra fari í að greiða rekstur og til uppbyggingar á skálum víða um land. Í ljósi þess að ferðafélög eru ekki eingöngu að bjóða ferðir til félagsmanna sinna heldur á almennum markaði þá leggja samtökin til að heimild Ferðamálastofu að heimila innlendum ferðafélögum að vera undanskilin leyfisveitingu verði afnumin.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 14.5.2021
Tilvísun: 20210406693

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til breytinga á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 (Ferðatryggingasjóður)

Ríkisskattstjóri hefur þann 28. apríl sl. móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á því að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda við frumvarpið eins og það liggur fyrir.


Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins eru rakin þau skilyrði sem stjórnarmenn Ferðatryggingasjóðs þurfa að uppfylla. Þar á meðal er talið að þeir skuli ekki hafa hlotið dóma fyrir refsiverðan verknað skv. tilteknum lögum, þ. á. m. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ríkisskattstjóri bendir á að frá og með 1. janúar 2016 hefur starfsemi ferðaskrifstofa verið virðisaukaskattsskyld. Þar sem virðisaukaskattur er vörsluskattur líkt og fer með staðgreiðslu opinberra gjalda þá telur ríkisskattstjóri rökrétt og eðlilegt að sá skattur sé tilgreindur í þessu sambandi.

Með vísan til þessa leggur ríkisskattstjóri til að 6. málslíður 1. mgr. 2. gr. verði svohljóðandi:

„Þeir skulu hafa gott orðspor og ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eða lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt.“

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra


Oskar Helgi Albertsson


Bjarni Amby Lárusson